

Reykjavík, 10. febrúar 2016

### Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánum hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga ses. í janúar 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna gæði útlánasafns sparisjóðsins, með tilliti til 17., 19., 30. og 88. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, reglna nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, reglna nr. 834/2003 um reikningskil lánastofnana og reglna nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Kannaðar voru heildarskuldbindingar er námu um 1.560 milljónum króna eða 44,8% af útlánum og veittum ábyrgðum sjóðsins. Sérstök áhersla var lögð á að skoða stórar áhættuskuldbindingar sparisjóðsins. Þá var farið ítarlega yfir allar lánveitingar umfram 20 milljónir króna, framlög í sérgreindan afskriftareikning, vanskil umfram eina milljón króna, sem og lánveitingar sem voru í vaxtafrystingu. Í athuguninni var farið yfir fundargerðir stjórnar og innri reglur sparisjóðsins, auk þess sem kannað var hvernig eftirliti af hálfu starfsmanna og stjórnar með fjárhag og greiðslugetu lántaka væri háttað.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í janúar 2016 og miðast annars vegar við 31. desember 2014 og hins vegar við 30. september 2015. Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að skjalfest verklag sjóðsins varðandi útlán var ekki í samræmi við ákvæði laga og reglna er varða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Skortur var meðal annars á viðmiðum í reglum sjóðsins og var eftirfylgni í þó nokkrum tilvikum ekki í samræmi við reglurnar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat á afskriftaþörf útlána og taldi að auka þyrfti framlög í sérgreindan afskriftareikning útlána eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að þær fundargerðir sem yfirfarnar voru báru ekki með sér að stjórn hefði sinnt eftirlitshlutverki sínu eða fjallað með reglubundnum hætti um vanskil og áhættustýringu sparisjóðsins til samræmis við ákvæði í starfsreglum stjórnar sparisjóðsins.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að misræmi væri milli upplýsinga sem sparisjóðurinn afhenti Fjármálaeftirlitinu í tengslum við athuginina og upplýsinga úr reglulegri skýrslugjöf sparisjóðsins til eftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar. Einnig gerði eftirlitið athugasemd við skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar miðað við 31. desember 2014.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að í tveimur tilvikum veitti sjóðurinn lán án trygginga og í tveimur tilvikum var gerð athugasemd við vinnubrögð og verklag sparisjóðsins við veitingu lána. Þá gerði eftirlitið athugasemd við að sjóðurinn tengdi ekki skuldbindingar þriggja lántakenda sem teljast til hóps tengdra viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Sparisjóður Suður-Bingeyinga ses. geri viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sparisjóðsins framkvæmi úttekt á úrbótum og skili Fjármálaeftirlitinu greinargerð í apríl 2016.